



Forsætisnefnd

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun fjármuna og bókanir vegna málefna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði og velferðarráði.

Á fundi borgarráðs þann 21. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fram kom í fjölmiðlum í gær, 20. september, að borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdahl, formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og nefndarmaður í velferðarráði, geti í engu um hagsmuni sína vegna málefna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í hagsmunaskráningu borgarfulltrúa. Hefur borgarfulltrúinn komið að úthlutun fjármuna til verkefna sem tengjast fólki í fyrrnefndri stöðu í þeim ráðum sem hann situr? Ef svo er, hve oft og hve háar fjárhæðir er um að ræða? Einnig er óskað yfirlits yfir þegar borgarfulltrúinn hefur ályktað eða bókað um málefni flóttafólks eða umsækjenda um alþjóðlega vernd í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði og velferðarráði. MSS22060124

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar forsætisnefndar, en í 50 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að nefndin fjallar um málefni kjörinna fulltrúa auk þess sem henni ber að fjalla um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað. Á sama fundi var lögð fram önnur fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hæfi borgarfulltrúans og er lagt fram svar við henni samhliða svari þessu.

Borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdahl er, eins og fram kemur í fyrirspurninni, formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og á sæti í velferðarráði.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Samkvæmt upplýsingum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu úthlutaði mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð árlegum styrkjum til mannréttindamála þann 8. desember sl. Af þeim er einn sem getur fallið undir verkefni sem tengjast flóttafólki og/eða umsækjendum um alþjóðlega vernd.

- Leikfélag Reykjavíkur hlaut styrk að fjárhæð kr. 345.000 vegna verkefnis Leikfélags Reykjavíkur með börnum á aldrinum 8-12 í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd og varðar leiklistarsmiðju og samveru á vegum Leiklistarskóla Borgarleikhússins og í samvinnu við hælisleitendateymi Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Styrkumsóknin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundi ráðsins.

Einu sinni hefur verið bókað um málefni flóttafólks í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði á þessu kjörtímabili. Það var á 20. fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 24. ágúst s.l.



og var það undir umræðu um heimilisleysi hælisleitenda í Reykjavík. Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins lögðu þá fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins harma þá stöðu sem upp er komin í málefnum hælisleitenda og að hluti þess hóps sé heimilislaus á götum höfuðborgarsvæðisins. Staðan er sú að bjargarlaust fólk er á götunni í aðdraganda íslensks vetrar en við það verður ekki unað. Brýn nauðsyn er að ríkisstjórn Íslands, sem ber ábyrgð á málaflokknum, láti af núverandi framkvæmd sem brýtur á mannréttindum hælisleitenda og er einkar gróf aðför að okkar norræna velferðarsamfélagi sem öllu jafna myndi ekki koma fram við manneskjur með þeim ómannúðlega hætti sem raun ber vitni.

Velferðarráð

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði úthlutaði velferðarráð árlegum styrkjum á sviði félags- og velferðarmála þann 1. febrúar sl. Af þeim eru þrír styrkir sem geta fallið undir verkefni sem tengjast flóttafólki og/eða umsækjendum um alþjóðlega vernd.

- Samtökin Reiðhjólábændur hlutu 500.000 kr. styrk til verkefnisins Frelsishjól, en verkefnið felur í sér er að útvega flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd nothæf reiðhjól og aðstoða við lagfæringar á þeim hjólum sem þau kunna að eiga fyrir.
- Hjálparstarf kirkjunnar hlaut 600.000 kr. styrk til verkefnisins Taupokar með tilgang en um er að ræða virkniverkefni sem ætlað er erlendum konum sem búa við fátækt og félagslega einangrun þar sem markmiðið er valdefling þátttakenda og endurnýting efnis. Athygli er þó vakin á því að verkefnið er ætlað öllum erlendum konum sem uppfylla skilyrðin en er ekki bundið við flóttafólk og/eða umsækjendur um alþjóðlega vernd.
- Starfstækifærið ehf. hlaut 1.500.000 kr. styrk til verkefnisins Tækifærið sem er valdeflandi uppbygging og starfsþjálfun fyrir ungt fólk af erlendum uppruna sem er utan vinnu og skóla. Þátttakendur hafa komið í gegnum tilvísanir frá Vinnumálastofnun og Alþjóðateymi Reykjavíkurborgar. Athygli er þó vakin á því að verkefnið er ætlað öllu ungu fólki af erlendum uppruna sem uppfylla skilyrðin en er ekki bundið við flóttafólk og/eða umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Allar þessar styrkumsóknirnar voru samþykktar samhljóða í velferðarráði.

Einu sinni hefur verið bókað um málefni flóttafólks og/eða umsækjenda um alþjóðlega vernd í velferðarráði á þessu kjörtímabili. Það var á 438. fundi ráðsins sem fram fór 16. nóvember 2022 þar sem lagður var fram til kynningar samningur við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks, ásamt fylgiskjölum. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu þá fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg stækkar hér samning um móttöku flóttafólks úr 500 í 1500 einstaklinga. Það er mikilvægt að öll sveitarfélög taki þátt í að taka á móti fólki í leit að alþjóðlegri vernd. Markmiðið með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum. Mikilvægt er að skýra fjármögnun á menntun barna.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar